

Skólanefndarfundur 9. júní 2021

Fundur settur kl. 13:00 á sal Framhaldsskólans á Húsavík

Mættir: Valgerður Gunnarsdóttir, Arna Ýr Arnarsdóttir, Halldór Jón Gíslason, Unnur Sigurðardóttir (varamaður Birgittu Bjarneyjar), Hjálmar Bogi Hafliðason, Egill Olgeirsson, Jóhanna Sigríður Kristjánsdóttir, Valdimar Stefánsson (fulltrúi kennara).

Fjarverandi: Kristey Þráinsdóttir, Ármann Örn Gunnlaugsson og Lea Hrund Hafþórsdóttir (fulltrúi nemenda).

Dagskrá:

1. Kosning nýs formanns skólanefndar
2. Skóladagatal 2021-2022 og svo fundatafla og stokkatafla haustannar 2021 til kynningar.
3. Innritun fyrir haustönn 2021
4. Nýir kennarar við skólann
5. Námskeið á starfsdögum vorsins
6. Brautskráning 2021
7. Kennslumat 2020-2021 Innra matsnefnd
8. Fjárhagur í lok maí 2021
9. Önnur mál

1. Kosning nýs formanns skólanefndar

Skólameistari býður skólanefnd alla velkomna og sérstaklega nýja meðlimi og væntir góðs samstarfs innan nefndarinnar.

Boðinn er upp Hjálmar Bogi til formanns skólanefndar og það er samþykkt einróma.

Nýkjörinn formaður tekur við fundarstjórn.

2. Skóladagatal 2021-2022 og svo fundatafla og stokkatafla haustannar 2021 til kynningar.

Lesið er yfir skóladagatal 2021-2022 og hugtök og starf skólaársins skýrð út.

Fundartaflan er sömuleiðis lesin yfir. Það er að jafnaði einn fundur í hverri viku.

Stokkataflan rædd – nú eiga frímínútur að halda sér og því er vilji fyrir því að halda tvöföldu tímana. Ákveðið var að færa skiladaga á verkefnum til kl. 16:00 á föstudögum, það var 24:00 á sunnudagskvöldum. Með þessu verður helgin í frí fyrir nemendur og kennara og vinnustundir munu vonandi koma til með að nýtast betur.

3. Innritun fyrir haustönn 2021

Fjöldi nemenda eftir töflubreytingar: 117

Próunin sýnir að nemendur fækka frá ári til árs en árgangar eru líka smáir núna sem kemur til með að breytast.

20 af 26 nemendum úr 10.bekk í Borgarhólsskóla eru að koma til okkar í FSH í vor 2021.

Farið var yfir hlutföll á milli ára í brotthvarfi, fjölda og fl.

4. Nýir kennarar við skólann

Halla Rún Tryggvadóttir kemur til okkar í 25% starf og kennir dönsku
Björgvin Friðbjarnarson kemur til okkar í 50% starf í lífræði og lífræða efnafræði
Elín Pálma tekur við íþróttakennslu og félagsfræði af Selmdísi sem fer í barnsburðar leyfi.
Rakel tekur við félagsstörfum.

5. Námskeið á starfsdögum vorsins

Aron formaður Rafíþróttasamband Íslands kíkta til okkar í FSH og hélt fyrir okkur kynningu.

Ingólfur Freysson var með skyndihjálpanámskeið fyrir starfsmenn.

Við fórum einnig mjög góða starfsmannaferð til Akureyrar í Símei þar sem búið var að útbúa fyrir okkur námskeið varðandi fjarkennslu. Mjög gagnleg, skemmtileg og fróðlegt.

6. Brautskráning 2021

Mjög ánægjulegt að við gátum haldið brautskráningu þar sem hver útskriftarnemi gat boðið þremur aðilum með sér og kennarar/starfsfólk gat einnig komið í Húsavíkurkirkju.

Allt gekk vel og var þetta mjög skemmtilegur dagur.

7. Kennslumat 2020-2021 Innra matsnefnd

Niðurstöður úr kennslukönnunum sem lögð var fyrir nemendur í hverjum áfanga fyrir sig.

„Kennslan er góð og góðir kennarar en námsefnið óáhugavert „ var meðal annars það sem kom fram.

Yfirhöfuð kemur kennslukönnun mjög vel út – formaður kemur með hugmynd um að vinna jákvæða frétt upp úr niðurstöður könnunarinnar og setja á www.fsh.is

8. Fjárhagur í lok maí 2021

Varpað er upp fjárhagsstöðu maí 2020 samanborið við maí 2021 og rætt.

Niðurstöðutala í maí 2020 var um 18 m.kr. halli en við lokuðum árinu með u.þ.b. 500.000 kr. halla sem verður að teljast gott.

Nú erum við með rúmar 6 m.kr. halla sem kemur aðallega til vegna sjúkralauna og orlofsskuldbindingu.

9. Önnur mál

- Egill tekur til máls varðandi iðnnám og af stað fer umræða um hvað þarf að gera til að hjálpa nemendum að hefja sitt iðnnám þó það sé ekki hægt að klára verklega þáttinn í FSH. Þetta er til staðar hér nú þegar en skoða skal hvað við getum gert til að auka sýnileikann á því.
- Jóhanna tekur til máls og bendir á að skv. könnun sem gerð var fyrir nokkrum árum hafa nemendur FSH komið betur út úr háskólanámi en nemendur úr til að mynda Versló. – við skulum finna þessa könnun.
- Við vorum að vonast til að fá sjúkraliða nám hér á Húsavík í samstarfi við HSN en það var tekin ákvörðun um að þetta yfir kennt á Sauðárkróki. Sem er ekki nægilega gott.

- Nú göngum við í það að virkja byrjun til iðnnáms með mögulega verknámi í samstarfi við fyrirtæki hér í bænum.
- Hjálmar tekur til máls, af hverju eru nemendur að fara annað? Við þurfum að auglýsa vel hvað við höfum hér í bænum sem styður við nám í Framhaldsskólanum á Húsavík t.d.
- Unnur tekur til máls, ekki gefast upp á afreksíþróttum því það er svo misjafnt eftir árgöngum hvar áhuginn liggur – það er ekki á dagskrá.
- Sýnileiki FSH er orðinn meiri, með framkvæmdun ofl. Nýtum það til góða.
- Trúnaðar mál.

Ekki fleiri önnur mál.

Fundi slitið 15:12.